

**Nd.** **1057. Breytingartillögur** [457. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBl, ÞP).

1. 2. gr. orðist svo:

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

2. 3. gr. orðist svo:

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

3. 4. gr. orðist svo:

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdasjóðs Íslands og Mót-virðissjóðs samkvæmt lögum nr. 97/1976, svo og skuldbindingum þeirra.